



Áhættumat fyrir Vinnuskóla nemendur/flokkstjórar

Skipulag og virkni vinnuverndarstarfs

Öryggisstarf Vinnuskólans er að öllu leiti í höndum yfirflokkstjóra. Þeir eru tengiliðir verkefnastjóra við flokkstjóra sem sjá um að farið sé eftir því að öryggisatriðum Vinnuskólans sé hlýtt í öllum atriðum.

Verið er að endurnýja áhættumat frá 2019 og var það unnið í júní 2023.

Unnið er markvisst að úrbótum. Ekki er mikið um vinnuslys hjá Vinnuskólanum þó vissulega komi þau fyrir. Eru vinnuslys þá aðallega með þeim hætti að nemendur eru að fara rangt með verkfæri. Hverju atviki fyrir sig er fylgt eftir og tryggt að slík atvik henti ekki aftur eða minka líkur á því.

Í Vinnuskólanum er um 1.200 nemendur auk þess sem þar starfa 60 aðrir starfsmenn. Starfsmenn sinna ýmsum verkefnum m.a. skrifstofustörfum og flokkstjórastörfum.

Aðild fleiri atvinnurekenda að vinnustað

Þeir aðilar sem koma að starfi Vinnuskólans eru:

Jafningjafraeðslan - Farið er í leiki og umræður við nemendum. Athuga þarf að farið sé varlega og engar óþarfa áhættur teknar í leikjum sem farið er í.

Þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar - kemur inn með verkefni fyrir Vinnuskólann. Hvert verkefni er metið hvort það sé við hæfi nemenda eða flokkstjóra.

Skógræktarfélag Kópavogs - Farið er með nemendum á skógræktar svæði. Þar eru allir einstaklingar í vestum til að auðveldara sé að aðgreina þá í náttúrunni. Áður en farið er hefur Garðyrkjufélag Íslands frætt nemendur um hvernig best sé að bera sig að við uppgræðslu.

Leikskólar og stofnanir sveitafélagsins - Hluti nemenda á aldrinum fá verkefni hjá leikskólum / stofnunum bæjarins og eru þá undir handleiðslu starfsmanns þeirrar starfsstöðvar.

Félög í sveitafélaginu - Hluti nemenda á aldrinum fá verkefni félögum bæjarins og eru þá undir handleiðslu starfsmanns þeirrar starfsstöðvar.

Fræðsla og þjálfun

Allir nýráðnir flokkstjórar fá fræðslu áður en þeir hefja störf um t.d. skyndihjálpi, meðferð verkfæra og fleiru. Hluti þeirrar fræðslu er vinnuslys og verkferill vegna þeirra.

Öllu flokkstjórum er kennt á verkfæri áður en vinna hefst með nemendum, og er þeim ætlað að koma þeim skilaboðum áleiðis til nemenda hvernig vinna eigi.

Ungir starfsmenn

14 ára nemendur fá að vinna 3,25 klukkustundir á dag fjóra daga vikunnar. Á þessum tíma fá þeir 20 mínútna kaffitíma.

15, 16 og 17 ára nemendur fá að vinna 6,5 klukkustundir á dag fjóra daga vikunnar. Þau fá kaffitíma fyrir eftir hádegi auk þess sem þau fá þau 45 mínútna matartíma.

Þeir nemendur sem eru að vinna undir handleiðslu félaga eða stofnanna bæjarins starfa eftir því skipulagi sem sett er upp á þeirri vinnustöð. Þó verður að fara eftir reglum Vinnuskólans að vinna eingöngu á þeim starfstíma sem Vinnuskólinn starfar, það er frá lokum maí til byrjun ágúst. Einnig mega þessi starfsmenn eingöngu vinna á dagvínutíma og á virkum dögum.

Pungaðar konur eða með barn á brjósti

Ekki hefur verið unnið áhættumat fyrir þennan hóp starfsmann.

Vinnuslys

Öll vinnuslys eru tilkynnt og verður það í hlutverki starfsmanns Vinnuskólans að undirbúa tilkynningar vegna vinnuslysa. Eru vinnuslys tilkynnt í gegnum slysaskráningarkerfið Atvik. Þegar vinnuslys verður er flokkstjórum leiðbeint í gegnum kerfið. Skrifstofa sér um að ljúka málinu gagnvart, tryggingarfélagi, Vinnueftirlitinu og Sjúkratryggingum Íslands.

Stærð vinnurýmis (skrifstofur, vinnuaðstaða starfsmanna)

Nemendur hafa aðgang að bækistöðvum þar sem gott er rými er. Geymslurými fyrir verkfæri eru gámar með 2,3 m. lofthæð. Annars eru nemendur og flokkstjórar utandyra alla daga.

Yfirborð gólfs, lofts og veggja.

Á ekki við.

Staðsetning véla og tækja

Á ekki við

Hita og rakastig innandyrna

Nemendur vinna úti allar stundir. Eru þeir hvattir til að klæða sig eftir veðri og vindum. Ef þeir koma ekki klæddir með þeim hætti ber flokkstjórum að ræða við nemanda um klæðnað og benda honum á að reyna að lagfæra þessa hluti.

Tóbaksvarnir

Tóbak er með öllu óheimilt í Vinnuskóla sbr. Lög um tóbaksvarnir. Á þetta einnig við flokkstjóra sem og aðra starfsmenn Vinnuskóla.

Efni og efnaáhrif

Öll hreinsiefni sem geymd eru á vinnusvæðum eru geymd á læstum svæðum. Eru það einu efnin sem notuð eru hjá Vinnuskólanum.

Kaflin um lýsingu á ekki við þar sem unnið er utandyra.

Raddvernd kennara

Kennarar starfa utandyra og þurfa að nota rödd sína sem atvinnutæki. Verða flokkstjórar fræddir um hvernig best er að koma skilaboðum áleiðis á námskeiðum sem haldin eru fyrstu tvær vikurnar í starfi þeirra.

Verkstöðvar/álag á hreyfi og stoðkerfi

Nemendur sitja í flestum tilvikum við vinnu sína. Þeir sitja og róta í beðum og hreinsa stíga. Flokkstjórar eru hvattir til að brjóta upp starf þeirra með því að biðja þá um að standa upp í skamma stund og hreyfa sig. Nemendur eiga það til að sitja bognir í baki og hjúfra sig undir gróður.

Að lyfta og bera hluti - léttækji

Nemendur bera ekki þyngri hluti en sem lög gera ráð fyrir. Til að takmarka flutning eru pallbíll sem ekur á milli svæða og tekur upp poka sem nemendur skilja eftir. Flokkstjórar þurfa að bera þyngri hluti og setja á pallbílinn. Eru þeir beðnir um að hafa poka ekki of þunga.

Fræðsla og þjálfun - notkun léttækja

Flokkstjórar fá kennslu í að nota verkfæri og er ætlað að koma til skila þeirri kunnáttu sinni.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Stjórnun

Starfsmenn og nemendur eru hvattir til góðra verka. Er flokkstjórum uppálagt að hrósa fyrir þau störf er þeir telja vel gerð. Verkaskipting er skýr og er skipurit fyrir Vinnuskólann alveg ljós. Starfsmenn Vinnuskólans fá vikulangt námskeið frá KVAN í leiðtogaþjálfun áður en nemendur koma til starfa.

Athafnarfrelsi, starfsþróun

Nemendur eiga auðvelt með að koma ábendingum til flokkstjóra sinna um bættar vinnuaðstæður. Þeim er úthlutað verkefnum frá yfirflokkstjóra sem kemur og er þeim frjálst að sjá um hvernig það verk er unnið innan ákveðins tímaramma.

Samskipti, upplýsingarflæði

Allir nemendur fá sendar upplýsingar í upphafi starfsár með öllum helstu upplýsingum um starf þeirra hjá Vinnuskólanum. Vinnuskólinn heldur úti fésbókarsíðu þar sem allar upplýsingar um starf hans koma fram auk þess sem á heimasíðu Kópavogsbæjar, kopavogur.is er hægt að finna allar nánari upplýsingar um skólann. Það sem skólinn getur bætt gagnvart nemendum er að vera duglegri að senda tölvupósta þegar uppbrot er á starfi okkar uppfræða foreldra um það.

Flokkstjórar eru vikulega á fundi með yfirflokkstjórum þar sem farið er yfir helstu mál. Einnig er notast við fésbókarsíðu starfsmanna til að koma upplýsingum á framfæri og hefur verið kvörtunarefni frá flokkstjórum að þeir fái of mikið af upplýsingum frá skrifstofu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að minnka þær upplýsingar eða koma upplýsingum áfram með öðrum hætti en þeim að senda hann í gegnum fésbókarsíðu. Allir flokkstjórar hafa síma á sér frá Vinnuskólanum til að auðvelt sé að hringja eftir aðstoð ef nauðsyn krefur.

Eineltisáætlun Kópavogsbæjar sem samþykkt var í júní 2023 á við um starf Vinnuskóla. Auk þess sem ef upplýsingar berast um einelti frá barna þá er tekið á málinu af festu. Ekkert einelti er liðið í starfi Vinnuskólans og er komið í veg fyrir að slíkt grasseri í starfi nemenda Vinnuskólans um leið og um það fréttist.

Vandamál og erfiðir nemendur

Ef um erfiða nemendur eru að ræða eru flokkstjórar beðnir um að tala við sinn yfirflokktjóra og finna lausnir á vandamálum sem upp koma. Þeim er ekki heimild að senda nemanda heima nema í samstarfi við yfirflokktjóra.

Endur- og símenntun

Nemendum við Vinnuskólann er boðið upp á fræðslu frá nokkrum aðilum yfir sumartímann. ASÍ kemur með fræðslu fyrir nemendur auk þess sem Garðyrkjufélag Íslands og jafningjafræðsla Hins hússins hafa séð um fræðslu.

Flokkstjórar fá mikla fræðslu og eru fræðsludagar þeirra í endurskoðun þennan veturinn fyrir næsta sumar.

Húsnæðismál

Skrifstofa Vinnuskólans er staðsett á þriðju hæð þjónustumiðstöðvar. Ennþá verður notast við bækistöðvar í grunnskólum og eru nemendur yfirleitt í anddyrum húsanna þannig að flóttaleiðir eru skýrar. Engar neyðaráætlanir eru til vegna náttúruhamfara en áætlað er að smíða þær sem fyrst.

Skyndihjálparbúnaður

Skyndihjálparbúnaður er í öllum bækistöðvum.

Persónuhlífar

Nemendur klæðast appelsínugulum endurskinsvestum við vinnu sína og flokkstjórar klæðast gulum vestum til að vera sýnilegir við vinnu sína. Einnig er öllum nemendum og flokkstjórum útvegað vinnuhanskar til að sinna störfum sínum. Auk þessa er flokkstjórum útvegaður regnfatnaður.

Snyrtingar

Á hverri bækistöð er snyrting. Reynt er að fá inni í hverjum skóla fyrir sig til að sem snyrtilegasta aðstöðu. Flokkstjórar þrifa salernisaðstöðu einu sinni í viku.

Kaffi / matstofa

Nemendur fá kaffistofu í bækistöðvum ásamt flokkstjórum. Þó er ekki ætlast til þess að sú aðstaða sé notuð nema veður séu vond. Ætlast er að kaffiaðstaða nemenda sé utandyra.

Unnið af Svavar Péturssyni

Verkefnastjóra Umhverfissviði / Vinnuskóla